



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 17. ágúst 2026
MSS26060100

Umsögn um 6. lið tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um endurskoðun bílastæðamála í Reykjavík

Á fundi umhverfis og skipulagsráðs, dags. 24. júní 2026 var lögð fram að svohljóðandi bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 16. júní 2026 um tillögu *borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins*, sbr. 34. liður fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 24. júní 2026.

Borgarstjórn samþykkir að fela umhverfis- og skipulagsráði að móta og afgreiða tillögur sem hafa það að markmiði að leysa úr fjölþættum áskorunum og vandamálum sem snúa að bílastæðamálum í Reykjavík. Leitast verði við að mæta þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið frá íbúum og atvinnurekendum í borginni. Með samþykktinni felur borgarstjórn umhverfis- og skipulagsráði að móta og afgreiða tillögur sem snúa meðal annars að eftirfarandi breytingum:

... 6. Bæta lýsingu og eftirlit í bílastæðahúsum á vegum Bílastæðasjóds. ...

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis og skipulagssviðs á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 24. júní 2026.

Umsögn:

Tillagan miðar að því að efla öryggi og bæta upplifun notenda í bílahúsum á vegum Reykjavíkurborgar. Markmið hennar samræmist þeirri uppbyggingu og þeim umbótum sem unnið hefur verið markvisst að á undanförunum árum og þeim verkefnum sem nú eru í undirbúningi.

Frá árinu 2019 hefur Reykjavíkurborg unnið markvisst að endurbótum á lýsingu í þeim sjö bílahúsum sem borgin rekur í miðborg Reykjavíkur. Á þessu tímabili hefur öllum eldri halógenlömpum verið skipt út fyrir LED-lýsingu og samtals 1.705 LED-lampar verið settir upp. Jafnframt hefur verið ráðist í endurnýjun og uppsetningu neyðarljósá ásamt öðrum úrbótum sem hafa aukið birtu, öryggi og orkunýtingu mannvirkjanna. Heildarfjárfesting í þessum framkvæmdum nemur rúmlega 35 m.kr.

Jafnframt er nú til skoðunar að setja upp upplýsinga- og auglýsingaskjái á fjölförnum stöðum innan húsanna, meðal annars við stigahús og gönguleiðir. Auk þess að miðla upplýsingum og skapa tekjumöguleika er talið að slíkir skjáir geti aukið birtu á þeim stöðum þar sem notendur kunna helst að upplifa óöryggi og þannig stuðlað að betra og öruggara umhverfi.



Reykjavík



Á undanförnum árum hefur myndavélum í bílahúsunum verið fjölgað og eldri búnaður verið endurnýjaður. Á stöðum þar sem reynsla hefur sýnt að þörf sé á auknu eftirliti hafa verið settar upp viðbótarmyndavélar og á völdum stöðum hefur verið innleiddur búnaður sem gerir kleift að senda hljóðskilaboð til einstaklinga á vettvangi. Að mati stjórnenda hafa þessar aðgerðir skilað árangri og dregið úr öryggisatvikum og skemmdarverkum.

Eftirlit með bílahúsunum hefur jafnframt verið eftt á síðustu árum. Á opnunartíma húsanna, frá kl. 7:00 til 24:00 alla daga ársins, eru þau vöktuð frá deild bílastæðasjóðs í Borgartúni þar sem fylgst er með alls 164 eftirlitsmyndavélum auk þess sem veitt er þjónusta við notendur gegnum síma. Á dagvinnutíma fara eftirlitsmenn húsanna á milli þeirra og sinna ýmiskonar rekstri og viðhaldi í húsunum auk þess sem þrifum er sinnt.

Auk þessa er í gildi samningur við öryggisfyrirtæki um mannaðar eftirlitsferðir í bílahúsin á næturnar utan opnunartíma þeirra. Markmið þess fyrirkomulags er að tryggja reglulegt eftirlit þegar húsin eru lokuð og draga úr hættu á óæskilegri umgengni og skemmdum.

Unnið er að undirbúningi sólarhringsopnunar allra bílahúsa borgarinnar. Með slíkri breytingu yrði rafrænt eftirlit með húsunum framlengt þannig að þau yrðu vöktuð allan sólarhringinn. Áður en slík breyting verður innleidd að fullu er stefnt að því að endurskoða núverandi fyrirkomulag í samstarfi við núverandi þjónustuaðila. Með því gefst kostur á að afla reynslu, þróa verklag og skilgreina þjónustustig áður en ráðist verður í nýtt útboð vegna öryggisgæslu bílahúsanna, sem áformað er að fari fram í lok árs 2027.

Með hliðsjón af framangreindu má telja að markmið tillögunnar séu þegar að verulegu leyti komin til framkvæmda eða í undirbúningi, og áfram verður unnið markvisst að því að efla öryggi, bæta upplifun notenda og styrkja rekstur bílahúsanna, meðal annars með uppsetningu upplýsinga- og auglýsingaskjáa á fjölförnum stöðum innan húsanna, endurnýjun eldri myndavéla og búnaðar til að tryggja áreiðanlegt og nútímalegt eftirlit, og innleiðingu sólarhringsopnunar allra bílahúsa ásamt eflingu öryggisþjónustu í samstarfi við öryggisfyrirtæki.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Matthías Bernhöj Daðason
Deildarstjóri Bílastæðasjóðs



Reykjavík